

Alþingi
Erindi nr. P 140/2505
komudagur 15.5.2012



Reykjavík, 15. maí 2012

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Frumvarp um breytingu á lögum um nauðungarsölu, lögum um aðför, lögum um meðferð einkamála og lögum um fjármálafyrirtæki (auglýsing nauðungarsölu, mál til heimtu bóta, gjafsókn, vörslusviptingar), 716. mál.

SFF hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp. Samtökin gera eftirfarandi athugasemdir við 9. gr. frumvarpsins, svohljóðandi:

Drátt fyrir 2. mgr. 22. gr. er fjármálafyrirtækjum og fjármálafyrirtækjum í slitameðferð ekki heimilt að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu með vörslusviptingu ef krafa er umdeild í ljósi hæstaréttardóma sem gengið hafa um lögmæti og endurreikning gengistryggðra lána. Dómari tekur afstöðu til þess hvort réttur fjármálafyrirtækis sé svo ótvíræður að heimila megi vörslusviptingu.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn ákvæði þessu, sbr. 110. gr. Ákvæði þetta gildir til loka árs 2013.

Að mati SFF gengur ákvæðið langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Skilja má ákvæðið svo að vörslusvipting sé óheimil í öllum tilvikum ef einhver réttaróvissa er uppi en óháð því hvernig sem málavöxtum er háttað að öðru leyti t.d. því hvort að mögulegur endurútreikningur láns/leigusamnings á grundvelli dóms Hæstaréttar nr. 600/2012 leiði til þess að skuldari komi til með að eiga inneign hjá fjármálafyrirtækinu eða ekki. Í þessu sambandi má nefna séstaklega varðandi bílasamninga að í mörgum tilvikum hafa skuldarar ekki greitt af samningunum svo mánuðum og jafnvel árum skiptir. Í þeim tilvikum hefur eignaleigufyrirtækið iðulega lagt út fyrir bifreiðagjöldum um margra mánaða skeið. Bílarnir eru stundum yfirgefnir þar sem skuldarar hafa flutt erlendis eða af öðrum orsökum. Þá eru mörg dæmi um að bílar séu á götunum þó að váttrygging sé fallin úr gildi sem veldur hættu og mögulegu tjóni fyrir eignaleigufyrirtækið. Í slíkum tilvikum er nauðsynlegt fyrir eignaleigufyrirtækið að hafa möguleika á að taka yfir vörslur á bílnum til þess að hann fari ekki forgörðum. Nefna má raunhæft dæmi um einstakling sem er með tvo bílasamninga frá árinu 2008. Við endurútreikning á síðari hluta ársins 2010 skuldaði viðkomandi sjö mánuði auk þess sem ekki voru gefnir út reikningar í fimm mánuði meðan á endurútreikningi stóð. Eftir endurútreikning skuldar viðkomandi 16 mánuði, þannig að nú hefur ekki verið greitt af bílnum í samtals 28 mánuði. Fjármálafyrirtækið hefur hins vegar greitt öll bifreiðagjöld frá árinu 2009. Fjármálafyrirtæki líta svo á að nauðsynlegt sé að geta fullnustað samninginn, enda telji kröfuhafinn þá að fullnustugerðin sé réttmæt óháð réttaróvissu um endurútreikning gengistryggðra lána, ef fyrir liggur að frestun hennar myndi leiða til tjóns fyrir kröfuhafann.

Ástæða er til að áréttta að fjármögnuð tæki með kaupleigusamningum eru háð eignarétti eignaleigufélaganna og er sá eignaréttur varinn af 72. grein stjórnarskrárinnar. Eignaumráðum eignaleigufélaganna fylgja ýmsar skyldur svo sem hlutlæg ábyrgð vegna skaða sem hlýst af notkun bifreiða á hagsmunum þriðja aðila. Réttarþróunin hér á landi er nú í þá átt að auka eigendaábyrgðina eins og sjá má í frumvarpi um ökutækjatrýggingar (þingskjal 1171-733. mál), þar sem hugtakið umráðamaður og hlutlæg ábyrgð hans er látið falla niður úr núgildandi lögum (umferðarlögum). Á eigendum ökutækja hvíla ýmsar skyldur að íslenskum rétti svo sem að hlutast er til um að tækið sé fært til reglubundinna ástands- og öryggisskoðana samkvæmt umferðalögum og vanræksla leigutaka á að færa bifreiðina til skoðunar bakar eigandanum (eignaleigufélagi) sektarábyrgð. Vanræksla á að tryggja ökutækið getur líka leitt til álagningar sekta á eigandann, sama á við um stöðumælasektir og það sem er þungbærast fyrir eigandann er að brot á lögum um oliugjald og kílómetragjald varðandi notkun á litadri olíu varða háum fésektum sem eigandi ökutækisins ber ábyrgð á. Það gefur auga leið að það er mikilvægt fyrir eignaleigufélög að hafa þann möguleika að taka yfir vörslur leigumunar ef umráðamaður vanrækir samningsskyldur sínar sem leiða til tjóns fyrir eigandann t.d. vegna framangreindra atvilda.

Ákvæðið takmarkar verulega eignaréttindi leigusala, þar sem að með ákvæðinu er komið í veg fyrir að eigandinn geti ráðstafað bifreiðinni á grundvelli samninga við þriðja aðila. Hafi eigandi samið við umráðamann um meðferð bifreiðarinnar og umráðamaðurinn brýtur verulega gegn samningi aðila er kveðið á í samningi þeirra að eigandanum sé heimilt að rifta samningnum og ber umráðamanninum þá skylda til að skila bifreiðinni. Sinni hann ekki þeirri skyldu sinni er eigandanum heimilt að sækja bifreiðina til umráðamannsins sem hefur þá ekki lengur samningsbundin umráðarétt yfir henni. Neiti umráðamaðurinn að skila bifreiðinni og notar hana áfram án þess að sinna samningsbundnum skuldbindingum sínum fyrir afnotunum getur eigandinn leitað atbeina dómstóla og sýslumanna við að rjúfa hinar ólögmetu vörslur umráðamannsins gagnvart bifreiðinni.

Fjármálaeftirlitið beindi því til lánastofnana, með bréfi dags. 27. febrúar s.l., að grípa ekki til íþyngjandi vanefndaúrræða gagnvart skuldurum, svo sem á grundvelli aðfararlaga eða lögum um nauðungarsölu, eða vörslusviptinga á grundvelli samningsskilmála, í þeim tilvikum þar sem óvissa kann að vera til staðar um ætluð vanskil. Fréttatilkynningu FME um málið má finna hér <http://www.fme.is/utgefid-efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/nr/1485>. Fjármálafyrirtæki fara að sjálfsgöðu eftir umræddum tilmælum Fjármálaeftirlitsins en að mati SFF er sú nálgun sem þar kemur fram eðlileg og málefnaleg og í samræmi við meðalhófsreglu stjórnsýslulaga. Framangreint ákvæði frumvarpsins gengur miklu lengra og er í engu samræmi við það sem eðlilegt getur talist. SFF leggjast því gegn lögfestingu ákvæðisins.

Loks er bent á að það skýtur skökku við að í lög um fjármálafyrirtæki, sem hafa að geyma reglur um almennan starfsramma fjármálafyrirtækja, sé sett ákvæði sem varðar einstaka hegðunarreglu við innheimtu kröfu. Ákvæði um þetta atriði hljóta að eiga heima í öðrum lagabálki svo sem aðfararlögum. Mikilvægt er að breytingar á þeim séu gerðar í samræði við réttarfarsnefnd og aðra fagaðila.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir, hdl.